

Frá iðnaðarráðuneyti

Frumvarp til laga

um uppfinningar starfsmanna.

1. Tillögur um breytingar á frumvarpi í framhaldi af fundi Árna Vilhjálmssonar, Jóns Ögmundar Þormóðssonar og Jóhanns Hjartarsonar föstudaginn 16. apríl 2004:

Við 6. gr. 2. másl. 3. mgr. orðist svo: Starfsmaðurinn getur ekki afsalað sér rétti til að sækja um einkaleyfi fyrir fram nema vikið hafi verið frá ákvæðum 3. og 4. gr. með samningi milli atvinnurekanda og starfsmanns sem ráðinn er til að vinna að uppfinningum.

Við 7. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ef starfsmaðurinn er ráðinn til að vinna að uppfinningum má semja svo um að sanngjarnt endurgjald fyrir uppfinningu felist í ráðningarkjörum starfsmannsins einvörðungu.

Tillaga að texta í nefndaráliti vegna breytinga við 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr.:

Með tilliti til þess að æ meira kveður að því að fyrirtæki, sérstaklega í hátæknigreinum, ráði starfsmenn beinlínis til rannsókna og þróunarstarfa og til að vinna að uppfinningum, þ.e. til að koma fram með uppfinningar eða fullgera þær, þykir eðlilegt að gera breytingar á 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins sem geyma ófrávíkjanleg ákvæði.

Í 2. másl. 3. mgr. 6. gr. yrði samkvæmt þessu tekið skýrt fram að sá réttur, sem að er vikið í málsliðnum og starfsmaður getur ekki afsalað sér fyrir fram, sé réttur til að sækja um einkaleyfi. Þá yrði einnig kveðið á um að umræddur réttur starfsmanns til að sækja um einkaleyfi á biðtíma, þ.e. meðan atvinnurekandi metur hvort hann vilji neyta framsalsréttar, eigi ekki við þegar atvinnurekandi og starfsmaður hafa samið

um að víkja frá ákvæðum 3. gr. um rétt starfsmanns til uppfinningar og 4. gr. um framsal réttar til atvinnurekenda.

Hvað snertir 7. gr. er talið eðlilegt að í þeim tilvikum þegar starfsmaður er ráðinn til að vinna að uppfinningum, eins og gert er í hátæknigreinum, megi semja svo um að sanngjarnt endurgjald fyrir uppfinningu felist í ráðningarkjörum starfsmanns eingöngu en verði ekki háð mati á óvissupáttum síðar, t.d. verðmæti uppfinningar.